



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Yfirlit yfir almennar bólusetningar á Íslandi

Meðfylgjandi er yfirlit yfir almennar bólusetningar á Íslandi ásamt leiðbeiningum þegar fyrir liggur saga um ófullkomnar fyrri bólusetningar.

Almennar bólusetningar skv. þessu yfirliti hafa verið í gildi frá 1.1. 2000 með síðari tíma breytingum vegna tilkomu nýrra bólusetninga, síðast í september 2015.

Almennar bólusetningar barna á Íslandi

Öll neðangreind bóluefni má gefa samtímis.

Aldur ►	3 mán.	5 mán.	6 mán.	8 mán.	12 mán.	18 mán.	4 ára	12 ára	14 ára
Barnaveiki (D), Stífkrampi (T), Kikhósti (aP)	1-DTaP¹	2-DTaP¹			3-DTaP¹		4-dTaP²		5-dTaP³
<i>Hemofílus influenzae b</i>	1-Hib¹	2-Hib¹			3-Hib¹				
Mænusótt	1-IPV¹	2-IPV¹			3-IPV¹				4-IPV⁴
Pneumókokkar	1-PCV⁵	2-PCV⁵			3-PCV⁵				
Meningókokkar C			1-MCC⁶	2-MCC⁶					
Mislingar, hettusótt, rauðir hundar						1-MMR⁷		2-MMR⁷	
HPV								HPV⁸	

- Gefið í einni sprautu í samsettu 5-gildu bóluefni. Hib þarf yfirleitt ekki að gefa börnum 5 ára og eldri.
- Gefið í einni sprautu. Ath. Inniheldur minna magn mótefnavaka gegn barnaveiki (d), stífkrampa (T) og kikhósta (P).
- Gefið í einni sprautu (með mænusótt). Endurbólusetning á 10 ára fresti með dT eða dTaP ef hætta er á smiti.
- Gefið í einni sprautu með 5-dTaP. Endurbólusetning á 10 ára fresti ef hætta er á smiti.
- Gefnar eru 3 sprautur fyrir eins árs aldur. Tvær sprautur milli 1 og 2 ára með minnst eins mánaðar millibili en eldri börn fá eina sprautu.
- Börn allt að 12 mánaða þurfa tvær sprautur með minnst 1 mánaðar millibili. Ein sprauta nægir hjá 12 mán. og eldri.
- Gefið í einni sprautu. Einstaklingar 12 ára og eldri þurfa einungis eina sprautu. Ekki gefið börnum yngri en 12 mánaða.
- Eingöngu fyrir stúlkur: Tvær sprautur, með a.m.k. 6 mánaða millibili.

Bólusetningar barna á Íslandi með sögu um ófullkomna bólusetningu

Leiðbeiningar við lestur töflunnar: Finnið í fyrsta dálki hversu margar bólusetningar viðkomandi hefur fengið áður. Farið síðan yfir til hægri í næsta opna dálk eftir lit. **Ath.: Aldrei er þörf á að byrja bólusetningu upp á nýtt þó langt sé liðið frá síðustu sprautu.** Innflytjendur sem ekki geta framvísað staðfestingu á bólusetningum ber að líta á sem óbólusetta. Öll neðangreind bóluefni má gefa samtímis.

Aldur: 6 mánaða til og með 4 ára	Skammtar sem gefa á og <u>stysti</u> tími frá fyrri skammti			
Fjöldi fyrri skammta	Fyrsti skammtur	Annar skammtur	Þriðji skammtur	Fjórði skammtur
Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti Mænusótt <i>Hemofilus influenzae b</i>	DTaP¹ IPV¹ Hib¹	DTaP¹: eftir 4 vikur IPV¹: eftir 4 vikur Hib¹: eftir 4 vikur ef fyrsti skammtur gefinn <12 mán. eftir 8 vikur (lokaskammtur) ef fyrsti skammtur gefinn 12-14 mán. Enginn ef fyrsti skammtur gefinn ≥15 mán.	DTaP¹: eftir 6 mán. IPV¹: eftir 6 mán. Hib¹: eftir 8 vikur (loka-skammtur) ef annar skammtur gefinn <12 mán. Enginn ef annar skammtur gefinn 12-14 mán.	DTaP²: eftir 6 mán.
Pneumókokkar Mislingar, hettusótt, rauðir hundar Meningókokkar C	PCV³ MMR⁴ MCC⁵	PCV³ eftir 4 vikur MCC⁵: eftir 4 vikur	PCV³ eftir 6 mán.	
Enginn				
Einn				
Tveir				
Þrír				

- Má gefa samsett 5-gilt bóluefni 4 ára og yngri. DTap, IPV og Hib má gefa í sér sprautu. Hib þarf ekki að gefa 5 ára og eldri.
- DTaP gefið að 5 ára aldri.
- Þrír skammtar gefnir börnum yngri en 12 mán. Tveir skammtar 1–2 ára og einn eftir 2 ára.

- Fyrsti skammtur gefinn við 18 mánaða aldur.
- Tveir skammtar með minnst 1 mánaðar millibili gefnir börnum frá 6 mán. til og með 11 mán. Börn 12 mán. til og með 18 ára þurfa einn skammt.

Bólusetningar barna á Íslandi með sögu um ófullkomna bólusetningu

Leiðbeiningar við lestur töflunnar: Finnið í fyrsta dálki hversu margar bólusetningar viðkomandi hefur fengið áður. Farið síðan yfir til hægrri í næsta opna dálk eftir lit. **Ath.: Aldrei er þörf á að byrja bólusetningu upp á nýtt þó langt sé liðið frá síðustu sprautu.** Innflytjendur sem ekki geta framvísað staðfestingu á bólusetningum ber að líta á sem óbólusetta. Öll neðangreind bóluefni má gefa samtímis.

Aldur: 5 ára til og með 18 ára		Skammtar sem gefa á og stysti tími frá fyrri skammti		
Fjöldi fyrri skammta	Fyrsti skammtur	Annar skammtur	Priðji skammtur	Endurbólusetning
Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti	dTaP ¹	dTaP ¹ : eftir 4 vikur	dTaP ¹ : eftir 6 mán.	dT eða dTaP á 10 ára fresti ef hætta er á smiti IPV á 10 ára fresti ef hætta er á smiti
Mænusótt	IPV ¹	IPV ¹ : eftir 4 vikur	IPV ¹ : eftir 6 mán.	
Mislingar, hettusótt, rauðir hundar	MMR ²	MMR ² : eftir 4 vikur		
Meningókokkar C	MCC			
HPV	HPV ³	HPV ³ : eftir a.m.k. 6 mán.		
Enginn				
Einn				
Tveir				
Þrír				

1. Gefið í sér sprautum eða saman í einni sprautu. dTaP er gefið frá 5 að 19 ára aldri. dT eða dTaP er gefið einstaklingum 19 ára og eldri.
2. Annar skammtur (endurbólusetning) gefinn 12 ára börnum. Einstaklingar 12 ára og eldri sem ekki hafa verið bólusettir áður þurfa einungis eina sprautu.
3. Gefið 12 ára stúlkum. Tvær sprautur með a.m.k. 6 mánaða millibili. Til að fá mesta vörn þarf að gefa báðar sprauturnar innan árs.

Bólusetningar barna skv. sérstökum ábendingum

Bóluefni ▼	Aldur ►	3 mán.	5 mán.	6 mán.	8 mán.	12 mán.	18 mán.	5 ára	12 ára	14 ára
Hlaupabóla										
Pneumókokkar										
Inflúensa										
Lifrabólga B										
Lifrabólga A										

1. Gefið einstaklingum 13 mánaða og eldri. Mælt er með tveimur sprautum með minnst þriggja mánaða millibili.
2. Mælt með próteintengdum bóluefnum hjá börnum.
3. Ef barn yngra en 9 ára hefur ekki fengið inflúensubólusetningu áður, er mælt með 2 sprautum með minnst 1 mánaðar millibili.
4. Nýfædd börn mæðra með smitandi lifrabólgu B skal bólusetja og gefa mótefni gegn lifrabólgu B innan 12 klst. frá fæðingu, endurbólusetja eftir 1 mánuð og aftur eftir 6 mánuði. Einnig skal bólusetja börn sem þurfa tíðar blóðgjafir, þurfa blóðskilun og börn sem búa á heimili með einstaklingi með lifrabólgu B smit. Þau börn þurfa einnig þrjár sprautur (eftir 1 mán. og 6 mán. frá fyrstu sprautu).
5. Má gefa börnum eldri en eins árs. Endurbólusetning er gefin 6–12 mánuðum eftir frumbólusetningu.

Almennar bólusetningar fullorðinna á Íslandi

Bóluefni ▼	Aldur ►	19 – 39 ára	40 – 59 ára	60+ ára
Barnaveiki, stífkrampi		dT eða dTaP endurbólusetning á 10 ára fresti ef hættu er á smiti¹		
Mislingar, hettusótt, rauðir hundar		MMR²		
Inflúensa		Bólusetningar fullorðinna³.		Árlega
Pneumókokkar		Bólusetningar fullorðinna³.		PCV⁴
Mænu sótt		IPV⁵ á 10 ára fresti ef hættu er á smiti		

1. Hætta á smiti verður ef óhreinindi komast í sár eða við ferðalag til vanþróaðra landa eða svæða þar sem barnaveiki er landlæg.
2. Ein sprauta ef ekki er saga um fyrri bólusetningu. Ekki þarf að bólusetja einstaklinga sem fæddir eru fyrir 1970.
3. Sjá <http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/bolusetningar/bolusetningar-fullordinna/>
4. Leiðbeiningar um notkun bóluefna gegn pneumókokkum. <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23265/>
5. Má gefa dTaP-IPV.

Bólusetningar fullorðinna skv. sérstökum ábendingum

Bóluefni ▼	Aldur ►	19 – 39 ára	40 – 59 ára	60+ ára
Lifrabólga A		Tvær sprautur¹: Lifrabólga A með 6–12 mán. millibili.		
Lifrabólga B		Þrjár sprautur²: Eftir 1 mán. og 6 mán. frá fyrstu sprautu.		
Pneumókokkar		Sjá sérstakar leiðbeiningar³		

1. Ábending: Þeir sem hyggja á ferðir til landa þar sem sjúkdómurinn er landlægur, samkynhneigðir karlar og fíkniefnaneytendur. Nægilegt er að gefa fyrri skammtinn um hálfum mánuði fyrir brottför.
2. Ábending: Heilbrigðisstarfsfólk sem vinnur með blóð og blóðhluta, fólk í blóðskilun, fólk sem þarf tíðar blóðgjafir, samkynhneigðir karlar, sprautuefnafíklar og fólk í sambýli með einstaklingum með lifrabólgu B. Ekki er þörf á endurbólusetningu.
3. Leiðbeiningar um notkun bóluefna gegn pneumókokkum. <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23265/>

Bólusetningar fullorðinna á Íslandi með sögu um ófullkomna bólusetningu

Leiðbeiningar við lestur töflunnar: Finnið í fyrsta dálki hversu margar bólusetningar viðkomandi hefur fengið áður. Farið síðan yfir til hægrí í næsta opna dálk eftir lit. **Ath.: Aldrei er þörf á að byrja bólusetningu upp á nýtt þó langt sé liðið frá síðustu sprautu.** Innflytjendur sem ekki geta framvísað staðfestingum á bólusetningum ber að líta á sem óbólusetta. Öll neðangreind bóluefni má gefa samtímis.

Aldur: ≥19 ára	Skammtar sem gefa á og stysti tími frá fyrri skammti			
Fjöldi fyrri skammta	Fyrsti skammtur	Annar skammtur	Priðji skammtur	Endurbólusetning
Barnaveiki, stífkrampi	dT ¹	dT ¹ : eftir 4 vikur	dT ¹ : eftir 6 mán.	á 10 ára fresti ef hætta á smiti ² á 10 ára fresti ef hætta á smiti ⁴
Mænusótt	IPV ³	IPV ³ : eftir 4 vikur	IPV ³ : eftir 6 mán.	
Mislingar, hettusótt, rauðir hundar	MMR ⁵			
Enginn				
Einn				
Tveir				
Þrjú				

1. Gefið í sér sprautu. Einnig má gefa dTaP.
2. Hætta á smiti verður ef óhreinindi komast í sár eða við ferðalag til vanþróaðra landa eða svæða þar sem barnaveiki er landlæg.
3. Má gefa í sér sprautu (IPV) eða einni sprautu (dTaP, IPV).
4. Hætta á smiti verður við ferðalag til landa þar sem mænusótt er til staðar.
5. Ekki þarf að bólusetja einstaklinga sem fæddir eru fyrir 1970.